

Íkonasýning í Kópavogskirkju



Serbneski íkonamálarinn Danilo Ivanovic mun halda sýningu á íkonum sem hann hefur málað, í safnaðarheimili Kópavogskirkju.

Sýningin verður opnuð klukkan 13:00 sunnudaginn 27. Nóvember, og stendur dagana 27.nóvember 2011 til og með 1.febrúar 2012.

Sýningin er sölusýning sem gefur Íslendingum sjaldgæft tækifæri til að skoða og eignast handmálaðan íkon.

Íkon þýðir ímynd Guðs og eru íkonar trúarleg og guðfræðileg list. Þetta eru helgimyndir málaðar á tré og verða íkonamálarar að styðjast við mjög ákveðnar reglur og lögmál.